



T-113-VLN1

VERKLEGT NÁMSKEIÐ I

6 ECTS

***Námskeiðið er kennt í tölvunarfræðideild***

**Ár:** 2. ár / 3.ár.  
**Önn:** Haustönn.  
**Stig námskeiðs:** 1. Grunnám, grunnnámskeið.  
**Tegund námskeiðs:** Skyldunámskeið fyrir allar 5-ára námsbrautir í Verkfræði MSc með tölvunarfræði BSc.  
**Undanfarar:** Forritun (T-101-PROG, T-201-FOR1 eða sambærilegt grunnnámskeið).  
**Skipulag, kennari:** Upplýsingar verða birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi annar.  
**Lærdómsviðmiði:**

**Þekking:** Þekki helstu tegundir viðmótsforrita, og geti skrifað einföld slík forrit. Þekki kosti lagskiptrar högunar. Þekki kosti þess að nota samstæðustjórnunarkerfi. Geti fjallað um höfundarrétt, hugverkarétt, vernd persónuupplýsinga og öryggi.

**Leikni:** Geti skrifað einföld reiknirit. Kunni að gefa einfaldar skipanir í skipanaham (e.console). Öðlist aukna leikni í villuleit og notkun kembiforrita.

**Hæfni:** Sé fær um að nota klasa og hlubundna forritun við smíði einfaldra hugbúnaðarverkefna. Geti sett upp litla gagnagrunna, sótt úr þeim gögn og sett inn með SQL.

**Lýsing:**

Í þessu námskeiði er byggt á þekkingu og reynslu sem nemendur hafa öðlast í Forritun. Nemar fá aukna reynslu í notkun klasa og hlutbundinnar forritunar með gerð stærri lagskiptra hugbúnaðarverkefna en hingað til. Lögð er áhersla á villuleit. Nemendur kynnast SQL fyrirspurnarmálinu og viðbragðsstýrðri forritun með grafísk notendaskil. Nemendur nota samstæðustjórnunarkerfi og kynnast notkun þess.

**Lesefni, kennsluáferðir, námsmat:** Upplýsingar verða birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi annar.

**Tungumál:** Íslenska.